

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 565/2021 um skráningu einstaklinga.

1. gr.

Við 17. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Beiðni um heildarafhendingu þjóðskrár skal berast til Þjóðskrár Íslands sem metur hvort skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 12. gr. og 23. gr. laga nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 15. ágúst 2022.

Ásmundur Einar Daðason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.